

UMSÖGN Reykjalundar um:

Þingskjal 295 — 257. mál.

Frumvarp til laga

um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Í athugasemdum við frumvarpið segir m.a.:

„Frumvarpi þessu er ætlað að sameina í eina stofnun þrjár stofnanir velferðarráðuneytisins sem hafa á hendi þjónustu við fatlað fólk.“

Með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir (sbr. bls. 10) að ráðherra félags- og húsnæðismála eigi að hafa yfirumsjón með málaflokknum og að fyrirhuguð stofnun eigi að heyra undir hann er rétt að benda á að **fötlun** í félagslegum skilningi þýðir útilokun eða takmörkun á þátttöku til jafns við aðra í daglegu lífi vegna samfélagslegra hindrana (félagslegra, efnahagslegra, aðgengi, fordóma o.s.frv.).

Í umfjöllun um endurhæfingu hafa auk sjúkdómshugtaksins (disease) verið notuð hugtökin *skerðing* (impairment), *fötlun* (disability) og *örorka* (handicap). Sjúkdómur miðast við líffræðilegt stig, skerðing við líffærastig, fötlun við einstaklingsstig og örorka við samfélagsstig. Með skerðingu er átt við að líkamsstarfsemi hafi truflast vegna afleiðinga sjúkdóms eða slyss. Með fötlun er átt við þá truflun á líkamlegri eða eftir atvikum andlegri færni sem hlýst af skerðingunni. Með örorku er síðan átt við þær félagslegu afleiðingar sem fötlunin hefur fyrir viðkomandi einstakling.

Að mati undirritaðs hafa þær stofnir sem hér er fyrirhugað að sameina (altént GRR og HTÍ) þjónustað fleiri og ekki aðeins „fatlað fólk“ heldur einstaklinga með skerðingar af ýmsu tagi og er nánar greint frá því 4.gr. frumvarpsins. Undirritaður telur því að eðlilegra væri að fyrirhuguð stofnun heyrði undir þann ráðherra Velferðarráðuneytis sem annast heilbrigðismál, þ.e. heilbrigðisráðherra.

Fram kemur í athugasemdunum undir kafla VI. Mat á áhrifum, m.a. eftirfarandi:

„Verði frumvarp þetta að lögum má ætla að sérhæfð þjónusta við notendur muni batna til muna. Á það sérstaklega við um þá einstaklinga sem eru með fleiri en eina tegund fallana og hafa því þurft að sækja sér þjónustu á fleiri en einn stað. Sameiningin ætti að leiða til þess að þjónustan verði aðgengilegri, heildstæðari og því betur sniðin að þörfum viðkomandi. Þá mun sameiningin hafa mikil áhrif á þjónustu við fólk með einhverfu, þroskahamlanir og meðfæddar, alvarlegar hreyfihamlanir sem er 18 ára eða eldra og hefur fengið þjónustu hjá ýmsum aðilum. Má þar nefna Reykjalund, Endurhæfingu ehf., Styrktarfélag lamaðra og failaðra, Sjónarhól o.fl.“

Hvað varðar Reykjalund verður ekki séð að þessi sameining fyrrgreindra stofnana muni hafa „mikil áhrif“ á þjónustu Reykjalundar. Reykjalundur sinnir í dag aðeins mjög litlum hluta skjólstæðinga framangreindra stofnana og mun væntanlega gera það í svipuðum mæli áfram. Á taugasvið Reykjalundar hefur verið vísað um 10-15 einstaklingum frá Greiningarstöð ríkisins (GRR) á ári í mat og eftirfylgd þegar þjónustu GRR lýkur við 18 ára aldur. Væntanlega mun það breytast ef hin fyrirhugaða þjónustumiðstöð á að sjá um ráðgjöf og eftirlit lengur eða ævilangt þótt áfram sé hægt að vísa þeim sem þurfa í meðferð/endurhæfingu á Reykjalundi. Þeir einstaklingar sem taugasvið Reykjalundar sinnir eru hins vegar í flestum tilvikum einstaklingar með áunna skaða eða sjúkdóma í taugakerfi og eru ekki í tengslum við fyrrgreindar stofnanir. Öðrum skjólstæðingum stofnananna hefur staðið endurhæfingaráhrif Reykjalundar til boða ef þörf hefur verið á og mun að sjálfsögðu standa hún til boða áfram líkt og verið hefur.

Loks vill undirritaður minnst á sérstakar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins, en þar segir m.a.:

„Í 3. mgr. kemur fram að forstjóri skuli ráða starfsfólk miðstöðvarinnar og hera ábyrgð á starfsmannahaldi og rekstri. Þá er gert ráð fyrir að á miðstöðinni verði fagsvið og að stjórnendur þeirra beri faglega ábyrgð á þeirri þjónustu sem miðstöðin veitir gagnvart forstjóra. Er gerð krafa um að þeir hafi þekkingu á sínum fagmálefnum og reynslu af stjórnun. Til hliðsjónar var hafi ákvæði 10. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, en ekki var farin sú leið að gera kröfu um faglega yfirstjórnendur þar sem ekki þótti rétt að binda þessi störf einstaklingum sem hafi ákveðna menntun.“ (leturbreyting undirritaðs)

Er virkilega verið að meina að ekki sé krafist faglegrar menntunar hjá stjórnendum fagsviða?
Er þetta prentvilla?

Reykjalundi 7. nóvember 2014.



Magnús Ólason, framkvæmdastjóri lækninga

Reykjalundi